

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1114  
komudagur 8.3.2002



Alþingi  
Helga E. Þórisdóttir  
Alþingihúsinu v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340  
netfang: postur@dkm.stjr.is  
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 7. mars 2002

Tilvísun: DKM02020307/000/DS/--

Ráðuneytið vísar til erindis yðar, dags. 27. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir að ráðuneytið veiti umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda; 492. mál á Alþingi.

Ráðuneytið hefur einkum skoðað refsiviðurlög samkvæmt frumvarpinu og gerir athugasemdir við 25. gr. frumvarpisins. Samkvæmt ákvæðinu geta brot gegn lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Í 2. málsf. segir svo: „*sé um stórfellt eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.*“

Ráðuneytið vill fyrst benda á að orðin stórfellt og ítrekuð eru ekki í sömu tölu í ákvæðinu og er því lagt til að „stórfellt“ verði „stórfelld“.

Þá er lagt til að orðin „að auki“ verði felld út úr ákvæðinu. Eins og ákvæðið hljóðar nú mætti skilja það svo, að verið væri að auka við refsingu sem þegar hefði verið tilgreind, en um slíkt er þó ekki að ræða í ákvæðinu. Af greinargerð verður séð að ákvæðið beri að skilja svo að þegar um er að ræða stórfelld eða ítrekuð ásetningbrot skuli þau varða fangelsi allt að fjórum árum.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson

Dís Sigurgeirsdóttir